

Skipulags- og byggingafulltrúi Uppsveita bs.
Stella Rúnarsdóttir
Dalbraut 12
840 Laugarvatn

Reykjavík, 2. desember 2021
UST202111-103/A.B.
10.04.00

Efni: Tillaga – Breyting á aðalskipulagi Skeiða- og Gnúpverjahrepps 2017 – 2029 og deiliskipulagi - Kílhraun

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Skeiða- og Gnúpverjahrepps er barst 9. nóvember sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að breytingu á aðalskipulagi Skeiða- og Gnúpverjahrepps 2017 – 2029 fyrir Kílhraun.

Í greinargerð kemur fram breytingin gengur út á að stækka íbúðarbyggð (Íb1) á um 11 ha landi og minnkar frístundabyggð (F4) sem því nemur.

Gróðurfar

Umhverfisstofnun bendir á að samkvæmt kortasjá¹ Náttúrufræðistofnunar Íslands (NÍ) er á skipulagssvæðinu hraun sem nefnist Þjórsárhraun og fellur það undir a. lið 2. mgr. 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Í 61. gr. laganna er kveðið á um sérstaka vernd þeirra vistkerfa og jarðminja sem taldar eru upp í 1. mgr. og 2. mgr. sama ákvæðis. Samkvæmt 3. mgr. ákvæðisins ber að forðast röskun þeirra náttúrufrýrbæra, sem undir greinina falla, nema brýna nauðsyn beri til og ljóst að aðrir kostir séu ekki fyrir hendi. Í greinargerð með frumvarpi til laga um náttúruvernd er með orðalaginu „brýn nauðsyn“ lögð áhersla á að einungis mjög ríkir hagsmunir geti réttlætt röskun og þá fyrst og fremst brýnir almannahagsmunir.

Í greinargerð kemur fram að svæðið sé flatt gróið hraun og samkvæmt vistgerðarkorti² NÍ er svæðið skilgreint með mosamóavist.

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að það komi fram í greinargerð að samkvæmt kortasjá NÍ fellur hraunið undir ákvæði laganna og við valkostagreiningu séu verndargildi hraunasvæða metin og m.a. tekið tillit til jarðmyndana. Einnig er mikilvægt að fjallað sé um áhrif tillögunnar á hraun og gróðurfar í áhrifamati. Umhverfisstofnun bendir á þann möguleika að sett séu skilyrði um vernd mikilvægra jarðmyndana á svæðinu eða að byggingarreitir séu afmarkaðir með tilliti til þeirra ef við á. Þess má einnig geta að leyfisveitanda er heimilt, skv. 5. mgr. 61. gr. náttúruverndarlaga, að binda leyfi þeim

¹ <https://serstokvernd.ni.is/>

² <https://vistgerdakort.ni.is/>

skilyrðum sem eru nauðsynleg til að draga úr áhrifum framkvæmdarinnar á þau náttúrufyrirbæri sem verða fyrir röskun.

Takmarkanir á landnotkun

Umhverfisstofnun bendir á að í 6.3. gr. skipulagsreglugerð nr. 90/2013 er skylt að tilgreina í aðalskipulagi svæði þar sem sérstakar aðstæður kalla á takmarkanir á landnotkun, mannvirkjagerð eða umgengni.

Setja skal almenn skipulagsákvæði eða skilmála til að framfylgja stefnu um takmarkanir á landnotkun í hverjum flokki og sértæk ákvæði eða skilmála eftir þörfum fyrir hvert svæði sem takmarkanir gilda um vegna verndarákvæða. Ákvæði og skilmálar skulu fela í sér nauðsynlegar takmarkanir til að bregðast við þeim sérstöku aðstæðum sem á svæðinu ríkja, svo sem um mannvirkjagerð, umgengni og landnotkun.

Þessi svæði eru svæði á landi og í sjó sem eru friðlýst eða njóta verndar samkvæmt lögum, þ.e. náttúruvætti (sérstæðar náttúrumyndanir), friðlönd, þjóðgarðar og fólkvangar. Auk þess eru það svæði, svo sem jarðmyndanir og vistkerfi, sem njóta sérstakrar verndar skv. 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Ábendingar

Umhverfisstofnun vill hér benda á á tvær villur en í greinargerð aðalskipulagsbreytingar segir að *hér er um að ræða 11 ha stækkun á íbúðarsvæði merkt F1 Áshildarmýri í aðalskipulagi Skeiða- og Gnúpverjahrepps 2017 - 2029. Núverandi stærð svæðisins er um 25 ha en verður 31 ha eftir breytingu.*

Virðingarfyllt,

Axel Benediktsson
sérfræðingur

Björn Stefánsson
sérfræðingur